


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 1 af 4	ÍSLE3BB05 - Börn og bækur	
	Fjarnám	
	Námsáætlun vor 2018	

Kennari	Rannveig Karlsdóttir	Sk.st.	RAN
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er áhersla á mikilvægi lestrar og barnabókmennta, fyrir börn á öllum aldri. Nemendur kynnst ýmsum tegundum bóka og annars efnis fyrir börn og unglinga. Einnig verður farið yfir sögu og þróun íslenskra barna- og unglingabóka, rætt um mál- og menningarheim og málþroska barna. Skoðað er hvað einkennir góðar barnabækur og fjallað um gildi þess að börn lesi og að lesið sé fyrir þau. Nemendur greina og meta margskonar barna- og unglingabækur og fræðigreinar er varða alla þætti áfangans. Þeir gera grein fyrir skoðunum sínum, munnlega og skriflega þar sem reynir á frumkvæði, sköpunarhæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna ýmist einir eða með öðrum.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi lestrar fyrir mál- og málþroska barna
- sögu íslenskra barnabókmennta
- mismunandi tegundum barnabókmennta og helstu höfundum
- hvað einkennir vandaðar og óvandaðar barnabækur
- tengslum íslenskra barnabókmennta við menningu hvers tíma
- hugmyndafræði og viðhorfum sem birtast í barnabókmenntum
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu
- mismunandi stíl og orðaforða í barnabókum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og greina barnabókmenntir af ýmsu tagi
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarhorn sem birtast í barnabókmenntum
- meta ólíkar tegundir texta og efnis sem ætlað er börnum
- draga saman og nota á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 2 af 4	ÍSLE3BB05 - Börn og bækur Fjarnám Námsáætlun vor 2018	

ganga frá heimildaverkefnum og nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrubóta
flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

átta sig á mikilvægi vandaðra barna- og unglingabóka
átta sig á gildi lestrar fyrir málprosa barna
velja og meta á gagnrýninn hátt efni ætlað börnum
taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu


Námsgögn:

Raddir barnabókanna. Greinasafn. Tekið saman af Silju Aðalsteinsdóttur, útgefandi Mál og menning, 1999. Mælt er með að nemendur eigi og noti *Handbók um ritun og frágang* e. Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal frá árinu 2010 (MM). Ýmsar greinar, viðtöl og bókarkaflar sem verða á Moodle síðu áfangans.
Kvikmyndir/sjónvarpsefni eftir því sem við á í hverri lotu og ýmsar barna- og unglingabækur.

Áætlun um yfirferð:

1. lota 18. janúar - 7. febrúar (3 vikur)

Kynning á áfanganum. Fjallað um lestur og læsi sem og sögu íslenskra barnabóka. Skrif hugleiðinga hefjast í þessari lotu. Lotunni lýkur á Moodle prófi sem gildir 5% af lokaeinkunn. Lestur greina fyrir hugleiðingadagbók hefst.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	ÍSLE3BB05 - Börn og bækur Fjarnám Námsáætlun vor 2018	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4		

2. lota 8. febrúar – 28. febrúar (3 vikur) Myndabækur/myndverk

Kynning á myndabókum. Fjallað verður um myndabækur fyrir yngstu lesendurna sem og stuttlega um aðrar myndabækur. Kynning og greining á myndabókum fyrir yngstu börnin, efni og myndum. Verkefni um myndabækur gildir 10% af lokaeinkunn.

3. lota 1. mars - 22. mars (3 vikur) Lestur, greining og ritun

Farið verður yfir einkenni vandaðra bóka. Nemendur velja sér barna- eða unglingabók. Lesa og skrifa um hana heimildaritgerð þar sem þeir leggja mat á efni og einkenni bókarinnar, reyna að tengja við bókmenntastefnu og kynna sér hvað aðrir hafa sagt um söguna. Vægi ritgerðar er 15% af lokaeinkunn.

4. lota 5. apríl - 11. apríl (1 vika)


Þjóðsögur og ævintýri

Nemendur kynna sér einkenni og sögu þjóðsagna og ævintýra og lesa sýnishorn af þessum bókmenntum. Lestur skráður sem hluti af hugrenningabók.

5. lota 12. apríl - 9. maí (4 vikur)

Lestur, greining, sköpun


Nemendur velja sér tvær bækur af svipuðum meiði, skrifa greinargerð um þær og útbúa einhvers konar skapandi verkefni, að eigin vali, í sama stíl. Heildarvægi 10% sem skiptist á milli verkþáttanna.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4		
ÍSLE3BB05 - Börn og bækur		
Fjarnám		
Námsáætlun vor 2018		

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
1. lota	Moodle próf úr lesefni 1. lotu.	5%	
	Ýmis Moodle verkefni á önninni. Bestu verkefnin gilda.	10%	
2. lota	Verkefni um myndabækur.	10%	
Myndlestur, greining, ritun			
3.lota	Heimildaritgerð	15%	
Lestur, ritun, greining, heimildavinna			
4. lota	Lestrardagbók yfir lestur þjóðsagna, ævintýra og greina um efnið skilað sem hluta af hugrenningum.		
Lestur, ritun			
5. lota	Skapandi verkefni og greinargerð.	10%	
Lestur, greining, ritun og sköpun			
Lestur, rökstuðningur, ritun.	Hugleiðingum skilað í hverri viku. Ólíkir textar lesnir og tekin skrifleg afstaða til þeirra, lestrardagbók.	10%	
	Lokapróf	40%	
	Samtals:	100%	

Dagsetning:

18/1

 Undirritun kennara


 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils